

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 15. desember 1988

um breytingu á tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns

(89/2/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/506/EBE ⁽²⁾, einkum 2 gr. (1b),*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun ráðsins 88/380/EBE ⁽³⁾ er ákvæði um að fella rúgblendinga undir gildissvið tilskipunar 66/402/EBE sem gefur framkvæmdastjórninni umboð til að samþykkja nauðsynlegar breytingar á skilgreiningunum í 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar. Tilskipun 88/380/EBE gefur framkvæmdastjórninni einnig umboð til að gera breytingar á viðaukunum við tilskipun 66/402/EBE til að setja skilyrðin sem frækrar og sáðkorn rúgblendinga verða að uppfylla.

Vegna aukins mikilvægis rúgblendinga innan bandalagsins ætti að samþykkja breytingar á skilgreiningunum núna.

Breytingarnar á viðaukunum ráðast af niðurstöðum tíma-bundinnar rannsóknar sem er gerð samkvæmt 13. gr. a tilskipunar 66/402/EBE og er því ekki hægt að gera þær að svo stöddu.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 2. gr. tilskipunar 66/402/EBE:

1. Í inngangsorðunum í a-lið C-hluta 1. mgr. 2. gr. komi orðið „rúgur“ á eftir orðinu „hrísgrjón.“
2. Í inngangsorðunum í E-hluta 1. mgr. 2. gr. komi „kanarigras, að frátöldum blendingum, rúgi, dúrru,“ í stað „kanarigras og rúgur, að frátöldum blendingum, dúrru.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. júlí 1990, samþykkja lög og stjórnisýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari.

Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1988.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frans ANDRIESEN

varaforseti.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 274, 6. 10. 1988, bls. 44.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 31.